



98. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 14. október, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2004.
2. Fundarboð á stofnfund ráðgjafapjónustu matvælafyrirtækja.
3. Bréf, tillögur og greinargerð frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga.
4. Fundargerðir SSNV ásamt lista yfir þingfulltrúa v. aukapings.
5. Bréf frá félagsmálaráðuneyti.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2004.**
Bæjarstjóri kynnti drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins. Fundarmenn ræddu stöðu hinna ýmsu málaflokka. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á fjárhagsáætlun 2004.
2. **Fundarboð á stofnfund ráðgjafapjónustu matvælafyrirtækja.**
Stofnfundur ráðgjafapjónustu matvælafyrirtækja á Norðurlandi vestra verður haldinn 19. október nk. kl. 13 í Félagsheimilinu Blönduósi. Lagt fram til kynningar.
3. **Bréf, tillögur og greinargerð frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar tillögur og greinargerð um breytta skipan sveitarfélaga frá verkefnisstjórn um eflingu sveitarstjórnarstigsins og nefnd um sameiningu sveitarfélaga.
4. **Fundargerðir SSNV ásamt lista yfir þingfulltrúa v. aukapings.**
Fundargerðir stjórnar SSNV frá 28. september og 11. október 2004 ásamt fundargerð stjórnar með iðnaðar- og viðskiptaráðherra hinn 28. september sl. lagðar fram til kynningar.
5. **Bréf frá félagsmálaráðuneyti.**
*Í erindi ráðuneytisins er óskað nánari upplýsinga um málsmeðferð erinda sem send hafa verið sveitarfélaginu af Erlendi Magnússyni vegna fasteignanna Brimslóðar 6 og 8.
Bæjarstjóri lagði fram drög að greinargerð um málsmeðferðir og afgreiðslur hinna ýmsu mála. Bæjarráð samþykkir að greinargerðin verði send ráðuneytinu.*



6. Önnur mál.

Erindi frá Ungmennafélaginu Hvöt. *Kynnt er að hinn 21. nóvember nk. eru liðin 80 ár frá stofnun félagsins og að stefnt sé að íþróttadegi þann 13. nóvember nk. Þess er farið á leit við Blönduósbæ að sveitarfélagið styrki verkefnið með því að veita frían aðgang að Íþróttamiðstöðinni og Félagsheimilinu tiltekin dag. Bæjarráð samþykkir erindið.*

***Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 18:45.***

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)